

# Félagsmiðstöð



[Félagsmiðstöð Árborgar](#)      [www.zelsiuz.is](http://www.zelsiuz.is)

## **Félagsmiðstöðin Zelsíuz**

***Austurvegur 2b – 800 Selfoss***

**Símanúmer:** 480-1951 og 899-8776

**Umsjónarmaður:** Magnús Sigurjón Guðmundsson –  
[magnus.sigurjon@arborg.is](mailto:magnus.sigurjon@arborg.is)

Félagsmiðstöðvar eru mikilvægur þáttur í lífi barna og unglunga og gegna því hlutverki að sinna tómstunda- og félagsmálum utan hefðbundins skólatíma. Í sveitarfélaginu Árborg er starfrækt félagsmiðstöðin Zelsíuz sem hefur aðsetur á Austurvegi 2b í stóru húsnæði sem býður uppá mikla möguleika. Félagsmiðstöðin hefur verið starfrækt síðan árið 1980 en aðstaðan hefur breyst mikið frá stofnun hennar sem og umfang starfsins.

Markmið félagsmiðstöðvarinnar er fyrst og fremst að bjóða ungmennum úr 5. – 10. bekk í Árborg upp á aðstöðu til að koma saman og vinna að mismunandi verkefnum og áhugamálum undir handleiðslu starfsmanna. Félagsmiðstöð á að stuðla að jákvæðum og þroskandi samskiptum meðal barna og unglunga og örva félagsþroska þeirra og lýðræðisvitund. Félagsmiðstöðin Zelsíuz vinnur einnig markvisst að forvarnarmálum og valdeflingu en starfsmenn hennar notast við aðferðafræði reynslunáms. Einnig vinnur félagsmiðstöðin að því að tengja saman ungmenni úr mismunandi hverfum sveitarfélagsins. Starfsemi

félagsmiðstöðvarinnar er skipulögð af ungmennunum sjálfum í samráði við starfsfólk.

Boðið er upp á fjölbreytta klúbbastarfsemi og viðburði en einnig opin hús þar sem flestir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Áhersla er lögð á að notendur félagsmiðstöðvarinnar finni að þau séu velkomin og talað sé við þau á jafnréttisgrundvelli.

Starfseminni er skipt upp í starf fyrir miðstigið (5.-7.bekkur) og starf fyrir unglingastigið (8.-10.bekkur).

## **Vetraropnanir**

### **5.-7.bekkur**

Mánudagur 14:00 – 16:00

Þriðjudagur 14:00 – 16:00 (Starfið fer fram á Stokkseyri)

Fimmtudagur 14:00 – 16:00

Föstudagur 14:00 – 16:00 (Einungis klúbbastarf – lokað fyrir þá sem ekki eru skráðir í klúbbana)

### **8.-10.bekkur**

Mánudagur 19:30-22:00

Þriðjudagur 19:30-22:00 (Starfið fer fram á Stokkseyri)

Miðvikudagur 14:00 – 16:30 / 19:30 – 22:00

Fimmtudagur Lokað

Föstudagur 19:30 – 22:00

**Lokað er um helgar nema ef um sérauglýsta viðburði er að ræða.**